

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um gjalddaga á hundradsgjaldi af fasteignarsölum.* — Í brjefi frá 6. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá álitu yðar um brjef sýslumannsins í Árnessýslu viðvíkjandi hundradsgjaldi af 700 kr. milligjöf við skipti á jörðunum Narfakoti í Gullbringusýslu og Austurey í Árnessýslu. Átti sá, er við skiptin eignaðist Narfakot að greiða milligjöfina, en sýslumaður í Árnessýslu hafði krafizt hundradsgjaldsins af eiganda Austureyjar, þegar hann afhenti skiptaskjalið til þinglesturs í Árnessýslu, og gat ekki sannað, að hundradsgjaldið hefði verið borgað.

64
20. marz

Með því að milligjöf sú, er hjer ræðir um, er hluti af verði jarðarinnar Narfakots, álitíð þjer, herra amtmaður, að heimild hafi ekki verið til að heimta hundradsgjaldið borgað, fyr en skiptaskjalið kæmi til þinglesturs í þinghá jarðar þessarar, því hundradsgjaldið hvíli á afhendingu eignarrjettarins, en hún geti að ætlun yðar samkvæmt 4. gr. tilsk. 24. april 1833 ekki talizt að vera um garð gengin fyr en viðkomandi heimildarskjal sje þinglesið á rjettum stað.

Það er nú að vísu svo, að samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein á maður sá, er kaupir jörð, það á hættu, ef hann lætur ekki þinglesa heimildarskjal sitt, að skuldheimtumenn seljanda, erfingjar hans eða aðrir hlutadeigendur brigði jörðina, en að öðru leyti fær kaupandi með löglegu heimildarskjali öll eignarráð yfir jörðunni, og virðist þinglesturinn, þó hann sje nauðsynlegur til að tryggja eignarrjettinn gegn lagaríptingum, því síður verða talinn liður í afhendingunni á þessum rjetti, sem hann getur farið fram, og í rauninni optast fer fram, án þess að sá, sem afsalaði sjer eignarrjettinum, viti af því. Með því að gefa út löglegt afsalsbrjef fyrir jörð, sleppir seljandi öllum eignarráðum yfir jörðunni, en kaupandi tekur við þeim, og verður eigandi með því bandi eða þeirri byrði sem leiðir af nefndum brigðum. Í 1. gr. tilsk. 8. febr. 1810 er nú fyrirskipað, að hundradsgjald skuli greitt í hvert sinn, er fasteign gengur kaupum og solum milli manna; gjald þetta er því að rjettu lagi fallið til borgunar undir eins og afsalsbrjef er gefið út fyrir jörð, og þetta kemur einnig heim við 8. gr. nýnefndrar tilskipunar. Er þar ekki ákveðinn neinn gjalddagi fyrir hundradsgjaldinu; en það er bannað að þinglesa heimildarskjal að jörð, áður en sannað sje, að hundradsgjaldið hafi verið greitt. Sýslumaðurinn í Árnessýslu virðist því hafa haft rjett fyrir sjer, er hann heimtaði sönnun fyrir greiðslu á hundradsgjaldinu undir eins og jarðaskiptabrjefið var honum afhent til þinglesturs, og með því að báðir þeir, er semja um jarðaskipti, verða að bera ábyrgð gagnvart landskjóðnum á hundradsgjaldi því, er greiða ber samkvæmt 2. gr. b tilskipunar frá 8. febr. 1810, hefir sýslumaðurinn hinn sama rjett til að kalla eptir hundradsgjaldinu hjá þeim, er beiddist þinglestursins, og hann hefir til að krefjast borgunar á þinglestursgjaldinu. Aftur á móti verður það sök þess, er beiddist þinglestursins í Árnessýslu, að krefjast endurborgunar á hundradsgjaldinu af þeim, er það á að greiða samkvæmt jarðaskiptabrjefinu.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nefndarálitíð í skólamálinu.* — Með þóknanlegu brjefi 20. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þjú frumvörp, er nefnd sú hefir samið, er sett var með konungsbrjefi 29. okt. 1875 til þess að ihuga hið íslenska skólamál, og eru það:

65
7. apríl.

Hinn 3. maí 1877.

65

7. apríl

1, frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir prestaskólann í Reykjavík, með tilheyrandi athugasemdum,

2, frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir lærða skólann samastaðar, með athugasemdum, og

3, uppástunga um stofnun þjóðskóla á Norðurlandi.

Ráðgjafinn hefir reyndar kynnt sjer frumvörp þessi; en áður en umtalsmál getur orðið um, að gefa út nýjar reglugjörðir samkvæmt þeim, mun nauðsynlegt að yfirfara þau vandlega og umbæta, en þar til hefir eigi orðið nægilegur tími til þessa.

En þó er eitt atriði, nátengt hinni fyrirhuguðu skólabót, er ráðgjafanum þykir henta að minnst betur á nú þegar; það er, hvort taka skuli upp gagnfræðiskennslu á Íslandi, og hefir nefndin tekið það atriði til meðferðar. Ráðgjafinn er sem sje orðinn þeirrar sannferingar, að úr því að nefndin hefir ráðið frá að stofna gagnfræðisskóla á norðurlandi, geti eigi orðið umtalsmál, að hann fari að eiga nokkuð við það; en hins vegar verður hann að vera á sama máli og þjer, herra landshöfðingi, og nefndin, um það, að æskilegt væri, að um leið og endurbætt væri kennslan í hinum lærða skóla, svo sem fyrirhugað er, væri tekin upp gagnfræðiskennsla þar, og fellst að því leyti yfir höfuð að tala á uppástungu þá, er þjer komið með um það, hvernig því skuli haga; og eruð þjer því beðnir um að gjöra svo vel að bera upp það óða þau breytingaratkvæði við fjárlöggin, er við þarf til þess að fá veitingu fyrir fje því handa skólanum, er á þarf að halda, til þess að tekin verði upp slík kennsla.

Þá er þess að geta um þjóðskóla þann á Norðurlandi, er nefndin stingur upp á, að hann er raunar tölvert öðruvísi en reglulegur gagnfræðisskóli, en hann er eigi heldur, að því er ráðgjafanum virðist, að öllu eins og búnaðarskólar þeir, er tilskipun 12. febr. 1872 ætlast til að komið verði á fót. Nú mundi miður ráðlegt að hafa fyrirkomulag þessara skóla eins íburðarmikið og kostnaðarsamt og þjóðskóla þess, er nefndin stingur upp á, en hins vegar mundu Norðlendingar, að því er þjer ljetuð í ljósi, herra landshöfðingi, eigi þykjast með honum bættir þess, er þeir verða af gagnfræðisskólanum. Að svo vöxn máli hefir því ráðgjafanum eigi virzt tilefni til, sem stendur að minnsta kosti, að fara að leggja fyrir alþingi frumvarp um stofnun þjóðskóla, til búíð upp úr nefndarálitinu, en virðist aptur á móti rjettast, að málið yrði undirbúíð á þann hátt, að leitað væri samkvæmt 52. gr. í tilsk. 4. maí 1872 í bráðina álitshlutadeigandi amtsráðs um uppástungu nefndarinnar, svo sem þjer leggið til, herra landshöfðingi, og eruð þjer því beðnir um að gjöra svo vel og láta gjöra það, og senda á sínum tíma hingað álitsskjal amtsráðsins með þóknanlegum ummælum yðar.

66

9. apríl

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tollskrár póstgufuskipisins. — Í brjefum 17. okt. og 2. desembr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, kvartað um ýmsa ónákvæmni og galla, er þjer tilgreinið betur, á tollseðli þeim, er fylgdi póstgufuskipinu Arktúrus á 6. og 7. ferð þess s. á. milli Kaupmannahafnar og Íslands, og sjer í lagi tekið fram, að það beri jafnaðarlega til um áfenga drykki þá og tóbak, er sent sje til landsins með póstgufuskipinu, að hvorki sje tilgreint nafn viðtakanda á tollseðlinum nje glöggt merki haft á sendingunni, og verði tollheimtan fyrir það mjög erfið.

Út af þessu hefir aðalstjórn hinna óbeinu skatta verið skrifað, og hefir hún svarað svo, að með því að hvergi sje svo fyrir mælt í toll-lögunum, að í útflutningsskýrslur um vörur skuli og setja nafn viðtakanda, vanti heimild til að leggja fyrir tollgæzlumenn